



Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd FUNDUR - 14. júní 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd þriðjudaginn, 14. júní 2005 kl. 18:00 í Grunnskólanum á Blönduósi. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Gaf hún skólastjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Á fundi sem haldinn var 3. maí sl. mælti nefndin með þremur umsækjendum. Gengið hefur verið frá ráðningu Brynhildar Erlu en hinir tveir umsækjendurnir drógu umsókn sína tilbaka. Auglýst hefur verið tvisvar eftir kennurum og ein umsókn hefur borist, frá Láru Thors. Að tillögu skólastjóra ákveður fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd að mæla með ráðningu Láru. Enn vantar kennara við skólann í rúma eina stöðu. Uppsögn hefur borist frá Hólfríði B. Jónsdóttur. Nefndin þakkar henni vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Búið er að ráða þrjú starfsmenn í sundlaugargæslu í sumar og er þá búið að fullmanna þau störf.

Síðastliðið vor var auglýst eftir starfsmanni í íþróttahús í framtíðarstarf. Róbert Daníel Jónsson sótti um þá stöðu og mælir nefndin með að skólastjóri gangi frá ráðningu hans.

Síðastliðið vor var auglýst eftir starfsmanni í íþróttahús í framtíðarstarf. Róbert Daníel Jónsson sótti um þá stöðu og mælir nefndin með að skólastjóri gangi frá ráðningu hans.

- 2) Önnur mál.

a) Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri kynnti niðurstöður samræmdra prófa 10. bekkjar fyrir nefndarmönnum. Nemendur 10. bekkjar náðu góðum árangri á samræmdum prófum í ár.

b) Margrét Einarsdóttir, formaður kynnti bréf sem borist hefur frá íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands vegna "Íslandsgöngu - haltur leiðir blindan". Tilgangur göngunnar er að vekja athygli á málefnum, þörfum og aðstæðum barna með sérþarfir um land allt og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Bréfinu er ætlað að hvetja sveitarfélög og íþróttabandalög að taka vel á móti göngumönnum við bæjarmörk og fylgja þeim eftir í gegnum sveitarfélögin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Margrét Einarsdóttir
Ragnar Karl Ingason
Berglind Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

Árný P. Árnadóttir